

# VÖXTUR Í KRAFTI NETSINS

## BYGGJUM, TENGJUM OG TÖKUM ÞÁTT

Stefna ríkis og sveitarfélaga um  
upplýsingasamfélagið 2013-2016

Guðbjörg Sigurðardóttir



# Yfirlit

- Hvert stefnum við í rafrænni stjórnsýslu og málefnum upplýsingasamfélagsins?
- Markmiðin og verkefnin
- Fjármögnun verkefna
- Skipulag innleiðingar stefnunnar
- Árangursmælingar



# Hvert stefnum við?

- Stefna ríkis og sveitarfélaga 2013-2016: *Vöxtur í krafti netsins – byggjum, tengjum og tökum þátt.*
- Tekur við af stefnunni: *Netríkið Ísland 2008-2012*
  - Hægt hefur á þróun í rafrænni stjórnsýslu á Íslandi síðustu ár
- **Skýr framtíðarsýn og sex meginmarkmið í nýju stefnunni.**
  - Áherslur svipaðar á Norðurlöndunum / í Evrópu – Digital Agenda.
  - Reynir á samvinnu, heildarskipulag, flæði upplýsinga milli stofnana, milli stjórnsýslustiga, milli landa.
  - Reynir á vilja stjórnenda til að opna stjórnsýsluna, auka gegnsæi og möguleika almennings og hagsmunaðila til að hafa áhrif.



# Þekkingaruppbygging



Aukið verði við þekkingu samfélagsins á möguleikum og notkun upplýsingatækni í þeim tilgangi að nýta tæknina á sem bestan máta til atvinnusköpunar, bættrar þjónustu, lýðræðislegrar þátttöku og hvers kyns hagræðingar. Áhersla er lögð á þekkingaruppbyggingu meðal námsfólks, stjórnenda og starfsmanna í þjónustu ríkis og sveitarfélaga og meðal hópa með takmarkaða þekkingu á upplýsingatækni.



# Þekkingaruppbygging - verkefni

- UT-námskeið og stuðningur fyrir stjórnendur og sérfræðinga í stjórnslu ríkis og sveitarfélaga (IRR, SÍS, FFR)
- Menntakerfið lagi sig að nýrri tækni og þörfum atvinnulífs (MMR)
  - kennaramenntun
  - símenntun
  - skapandi kennsluhættir
  - tenging skóla við atvinnulíf
  - rafræn námsgögn, ofl.



# Opin og gegnsæ stjórnsýsla



Almenningur, fyrirtæki og hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að ópersónubundnum upplýsingum og skrám í vörslu ríkis og sveitarfélaga. Mótuð verði stefna ríkis og sveitarfélaga um opin gögn og sett upp ein gátt fyrir aðgang að slíkum gögnum/ gagnagrunnum.



# Opin og gegnsæ stjórnsýsla - verkefni



- Opin gögn (IRR)
  - stefna um opin gögn
  - miðlæg gátt fyrir öll opin gögn
  - leyfisskilmálar
  - leiðsögn og stuðningur
- Landupplýsingar - Stuðningur við innleiðingu INSPIRE (UAR)
  - Samræmd innkaup á sviði landupplýsinga
  - Landfræðileg gögn ríkis og sveitarfélaga verði opnuð



# Skipulag, öryggi og samvirkni



Komið verði á samræmdu skipulagi á landsvísu, samvirkni milli upplýsingakerfa ríkis og sveitarfélaga og tryggt að þau uppfylli tiltekin öryggis- og gæðaviðmið. Mótaðar verði, eftir því sem þörf krefur, sértækar stefnur, viðmið, staðlar og reglur fyrir opinbera vefi sem þróist í takti við breytingar í tækni og þarfir samfélagsins. Tryggður verði aðgangur að auðkenningaleiðum sem mæta því öryggisstigi sem þörf er á hverju sinni, þar með talið að Íslykli og fullgildum rafrænum skilríkjum.





# Skipulag, öryggi og samvirkni - verkefni



- Landsumgjörð um rafræn samskipti (FJR)
- Landsarkitektúr fyrir öll opinber kerfi (IRR/FJR)
- Þróun innskráningarkerfis á Ísland.is (IRR)
- Innleiðing rafrænna auðkenninga og undirskrifa (FJR)
- Netöryggismál (IRR)
- Þróun á reglum, viðmiðum og stuðningur við opinbera vefi (IRR)
- Úttektir á opinberum vefjum annað hvert ár, öryggi verður mælt 2015 (IRR)
- Máltækni (MMR)
- Lyfjagagnagrunnur (VEL)



# Hagræðing, skilvirkni og sjálfbærni



Upplýsingatækni verði nýtt með markvissum hætti til að ná aukinni sjálfvirkni, samnýtingu upplýsinga, almennri hagræðingu og til að auka gæði í rekstri og þjónustu. Stofnanir ríkis og sveitarfélaga samnýti þekkingu og ráðgjöf í umbótaverkefnum (verkefnahús). Unnið verði að því að nota upplýsingatækni til að draga úr ríkisútgjöldum t.d. til að greina og draga úr bótasvikum í velferðarkerfinu ásamt skattsvikum. Rutt verði úr vegi lagalegum hindrunum sem kunna að standa í vegi fyrir að hægt sé að veita rafræna þjónustu og opna aðgang að gögnum.



# Hagræðing, skilvirkni og sjálfbærni - verkefni

- Samtenging (rannsóknar)gagnagrunna við grunna sérfræðilækna – dregið úr endurteknum rannsóknum (VEL)
- Umbætur í réttarvörslukerfi, samtenging kerfa dómstóla, ákærvalds, lögreglu og lögmanna (IRR)
- Draga úr svikum innan velferðarkerfisins með samstarfi stofnana ríkis og sveitarfélaga (VEL)
- Útboðsvefur með útboðsauglýsingum (FJR)
- Rafræn innkaupakerfi – innkaup beint gegnum samninga (FJR)
- Samræmdar vörulýsingar – stöðlunarverkefni með atvinnulífi (FJR)
- Upplýsingatæknistefna (FJR)
- Samræmt kerfi fyrir sýslum.embættin (IRR)
- Endurnýjun/endurbætur á þjóðskránni (IRR)



# Lýðræði



Ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra tileinki sér gegnsæ, skilvirk og opin samráðsferli svo að almenningur og fyrirtæki geti með auðveldum hætti komið sjónarmiðum sínum að í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku.

Komið verði á rafrænni kjörskrá, rafrænum íbúakosningum og undirskriftarsöfnunum í sveitarfélögum sem verði undanfari tilraunar með rafrænar sveitarstjórnarkosningar.



# Lýðræði - verkefni

- Virkir og gegnsæir samráðsferlar á netinu (IRR og FOR)
  - miðlæg gátt, ferlar
  - leiðbeiningar og stuðningur
- Lýðræðisleg þátttaka á netinu (IRR)
  - rafræn kjörskrá
  - rafrænar undirskriftasafnanir
  - rafrænar íbúakosningar



## Þjónusta



Einstaklingar og fyrirtæki geti afgreitt erindi sín við stjórnslu ríkis og sveitarfélaga, hvenær sem er, hvar sem er og án tafar. Einnig geti einstaklingar og fyrirtæki fengið upplýsingar um sín mál og fylgst með stöðu þeirra. Ríki og sveitarfélög þróa saman „mínar síður“ á [Island.is](http://Island.is) (ein gátt). Opnaður verði aðgangur að persónubundnum upplýsingum í skrá opinberra aðila á þann hátt að einstaklingar hafi aðgang að sínum upplýsingum og ný kerfi verði hönnuð með slíkan aðgang í huga.



# Þjónusta - verkefni

- Ísland.is (IRR)
  - Högun, umgjörð og viðmót
  - Mínar síður
  - Fyrirtækjagátt, rafrænar umsóknir og leyfisveitingar
- Aðgengi einstaklinga að eigin upplýsingum úr sjúkraskrá (VEL)



# Fjárveitingar síðustu ára í verkefnin í upplýsingasamfélagsstefnunni

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>Netríkið Ísland</b>	161	53	47,7	40	40		
<b>Vöxtur í krafti netsins</b>					200	75	?





# Skipulag innleiðingar

- Fulltrúar allra ráðuneyta og 2 fulltrúar sveitarfélaga mynda verkefnisstjórn.
- Innanríkisráðuneyti ber ábyrgð á samstarfinu og innleiðingunni.
- Verkefnislýsingar fyrir öll verkefni endurskoðaðar árlega.
- Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára endurskoðuð árlega.
- Verkefnisstjórn mótar tillögur um fjármögnun verkefna.
- Sveitarfélögin koma að öllum verkefnum sem snerta þau.



# Mælingar á árangri

- Heildarúttekt á innleiðingunni verður gerð 2016.
- Úttekt á opinberum vefjum er gerð annað hvert ár (næst 2015).
- Hvert verkefni metið – stöðuskýrslur árlega.
- Mælikvarðar í stefnunni sjálfri.



## Mælikvarðar stefnunnar (1-5)

1. Fjöldi nemenda sem útskrifast með sérhæfingu í upplýsingatækni á háskólastigi haldist í hendur við þarfir atvinnulífsins sbr. GERT skýrslu – Staða íslenskra nemenda og framtíðarpörf samfélagsins.
2. Starfrækt verði endurmenntunardagskrá um upplýsingatækni fyrir starfsmenn stjórnslu ríkis og sveitarfélaga.
3. Opnað verði fyrir aðgang að 80% af mikilvægustu gagnagrunnum ríkis og sveitarfélaga fyrir árslok 2016.
4. Mótað verði og formlega samþykkt skipulag á landsvísu fyrir opinber kerfi fyrir lok árs 2015.
5. Allir læknar hafi auðveldan og öruggan aðgang að rannsóknarniðurstöðum sjúklinga sinna 2015.



## Mælikvarðar (6-9)

6. Aukning verði í hlutfalli rafrænna reikninga frá fyrirtækjum og öðrum sem stunda viðskipti við opinbera aðila.
7. Ísland mælist meðal 20 efstu landa í Þátttökuvísitölu Sameinuðu þjóðanna árið 2016.
8. Á árinu 2014 verði komin upp rafræn kjörskrá sem notuð verður í tilraunaskyni í sveitarstjórnarkosningum 2014.
9. Ísland mælist meðal 15 efstu landa í stjórnsýsluvísitölu Sameinuðu þjóðanna árið 2016.



# Að lokum

Talsverðu fé er þegar varið í leyfisgjöld, rekstur, hýsingu og þróun kerfa. Er því öllu vel varið? Eru kaupendurnir „upplýstir kaupendur“?

Getum náð miklu betri árangri með:

- beinni aðkomu æðstu stjórnenda og millistjórnenda að verkefnum.
- aukinni samvinnu ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga.
- samkomulagi um hvernig heildarskipulag upplýsingtæknimála eigi að vera – arkitektúr/samskipti milli kerfa/verkaskipting milli ráðuneyta.

